

Auglýsing um friðlýsingu gervigíga í Álftaveri.

Skv. heimild í 22. gr. laga um náttúruvernd hefur [Umhverfisstofnun] fyrir sitt leyti ákveðið að friðlýsa gervigígana í landi Holts I og II, Herjólfsstaða I og II og Hraunbæjar í Álftaveri, ásamt næsta nágrenni, og er svæðið náttúruvætti.

*Mörk náttúruvættisins eru þessi:*

- (1) úr Langaskeri í
- (2) Alviðru, þaðan að austurenda Fjalhöfða.
- (3) Úr Fjalhöfða í Nónvörðu.
- (4) Síðan í suðurbrún Köldungshóls.
- (5) Þaðan í Dýralækjarsker.
- (6) Þaðan aftur í Langasker.

*Um svæðið gilda þessar reglur:*

1. Bannað er að raska jarðmyndunum á svæðinu með efnistöku eða öðru. Óheimilt er að reisa mannvirki, sem spilla útliti gíganna eða breyta svipmóti þeirra á annan hátt.
2. Beit og aðrar hefðbundnar nytjar skulu haldast svo sem verið hefur. Samráð skal haft um ræktun.
3. Almennings er heimil för um svæðið og dvöl á því í lögmætum tilgangi enda sé góðrar umgengni gætt. Umferð vélknúinna farartækja um svæðið utan vega er þó óheimil að nauðsynjalausu og bannað er að aka utan í gígnum.

Leyfi [Umhverfisstofnunar] þarf til undanþágu frá reglum þessum. [Stofnunin] getur falið náttúruverndarnefnd Vestur-Skaftafellssýslu umboð sitt til framkvæmdar á friðlýsingunni að nokkru eða öllu leyti.

Um viðurlög við brotum á reglum þessum fer að náttúruverndarlögum.

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni sem tekur gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

Menntamálaráðuneytið, 2. apríl 1975

Vilhjálmur Hjálmarsson.

---

Birgir Thorlacius